# Fjármálalæsi – og hagstjórn?

Stefán Jóhann Stefánsson

Seðlabanka Íslands

Skoðanir eru höfundar – ekki endilega vinnuveitanda



# Hvað er fjármálalæsi?
Skilgreining




## Fjármálalæsi er …

- ... geta til að nýta sér fjármálalega þætti sem hafa áhrif á efnahagslega velferð
- ... ferli sem miðar að því að bæta lífskjör neytenda og stuðla að fjármálastöðugleika

## Hagstjórn á einkum við …

- .. viðleitni ríkisstjórnar og seðlabanka til að tryggja og efla velferð
  - með nokkrum ráðum og leiðum






# Hvað segir sagan?

Er eitthvað hægt að lesa út úr hagþróun síðustu ára?

- Var hrunið bara ýkt markaðssveifla ?
- Hefði betra fjármálalæsi mildað hana?
- Væri skuldabasl hluta þjóðarinnar minna ef fjármálalæsið hefði verið meira – fjármálablindan minni?
- Skipta ákvarðanir einstaklinga máli?
- Skiptir þjónusta fjármálastofnana máli?



# Tvö dæmi um skort á fjármálalæsi?

- Að verðbólgan éti jafnt verðtryggð lán sem óverðtryggð?
- Að eðlilegt sé að taka lán í öðrum gjaldmiðli en tekjur eru?



# Hagstjórn í átt að stöðugu verðlagi

- 65% þekkja tilganginn með vaxtabreytingum Seðlabankans, þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi
- Flestir gera sér grein fyrir óþægindum og kostnaði vegna verðbólgu
- En sjá allir þann tilgang með vaxtaákvörðunum Seðlabankans að stuðla að bættum lífskjörum?



# Deilt um vaxtaákvarðanir

- 35% þekkja ekki tilganginn
- Ýmsir efast um „haggagnalæsi“ peningastefnunefndar
- Meiri skilningur á vaxtalækkunum en vaxtahækkunum ….
- …..en það er alltaf óvissa fyrir hendi ….






# Hvað má betur gera í að lýsa og útskýra?

Nýlegar breytingar:

- Fimm manna peningastefnunefnd með tveimur utanaðkomandi sérfræðingum tekur vaxtaákvarðanir
- Fundargerðir birtar
- Auk þess: Fréttir, kynningarfundir, útskýringar, skýrslur
- Algeng krafa: að hagfræðingar tali mannamál
  - sem sagt að þeir noti minna af sérfræðiorðum, sérfræðihugtökum og jafnvel tölum?



# Verðtrygging og auraglýja

Verðtryggingin er flækja, en …

- Verðtrygging tryggir kaupmátt sparnaðar eða lána
- Kaupmáttur óverðtryggðra milljón króna í dag er meiri en sömu fjárhæðar eftir 10 ár ef verð hefur hækkað
- Þess vegna hefur það litla merkingu að tala um mikla hækkun verðtryggðra lána á verðbólgutímum án þess að lánin og greiðslubyrði þeirra sé skoðuð í samhengi við launaþróun (kaupmátt) og eignaþróun.
- Lélegur sá sparnaður sem verðbólga rýrir



# Aukinn skilningur nauðsynlegur

... of mikil orka í óþarfar deilur

- Á formúlan fyrir jafngreiðslulánin ekki að vera aðgengileg?
- Deilum ekki um einfaldar reiknireglur!
- X sinnum Y deilt með Z er jafnt og X deilt með Z sinnum Y!
- Það þarf sameiginlegt átak stjórnvalda, skólakerfis og fjölmiðla til að efla fjármálalæsi.





